



Vesturbyggð  
Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri  
Aðalstræti 75  
Patreksfirði

Bíldudal 6. September 2024

### Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang

Komdu sæl bæjarstjóri

Undirritaður hefur rætt við Elfar Stein byggingarfulltrúa/hafnarstjóra um möguleika á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang frá Íslenska kalkþörungafélaginu á Bíldudal (Ískalk). Fram hefur komið í fundargerðum að til stendur að urða við Járnhól.

Það sem Ískalk þarf að urða er basaltsandur, svartur sandur sem af og til kemur með kalkþörungum við dælingu í Arnarfirði. Þetta efni seglast frá í framleiðslu og er því sem næst hreinn sandur.

Til að sandurinn safnist ekki upp í stórsekkjum þurfum við að geta urðað hann reglulega. Þess vegna er þess óskað að Ískalk geti fengið aðgang að urðunarsvæði til að urða þetta efni reglulega.

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson

- forstjóri -